

77. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni, haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudag, 20. mars, 2015, kl. 12:10

Fundinn sátu

Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvarsdóttir, Lára Hreinsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, Freyja Rós Haraldsdóttir, Hildur Guðbjörg Benediktsdóttir, nýr fulltrúi nemenda og Guðni Árnason, fltr. foreldra
Eygló Kristjánsdóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson voru forfölluð.

Dagskrá

1. Húsnæðismál skólans - Fasteignir ríkisins - leigusamningur
2. Markmið brauta og grunnþættir. Staðan í innleiðingunni
3. Viðhorfskönnun meðal aðstandenda nemenda
4. Nýtt vinnumat kennara - (ef samþykkt hefur verið)
5. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð nýjan fulltrúa nemenda í nefndinni velkominn svo og aðra fundarmenn.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Húsnæðismál skólans - Fasteignir ríkisins - leigusamningur

Form. greindi frá fyrirhuguðum fundi með ráðuneyti vegna húsnæðismála skólans. Skólameistari gerði síðan grein fyrir stöðu mála; þeim breytingum sem eiga sér stað með yfirfærslu fasteigna skólans frá ráðuneyti til fasteigna ríkisins Hann fjallaði um það húsnæði sem um er að ræða og mikilvægi þess fyrir starfsemi skólans.

Reiknuð leiga á fjárlögum er 65,9 milljónir en framlög á móti 40,6 milljónir. Þar er 25,3 milljón króna gat.

2. Markmið brauta og grunnþættir. Staðan í innleiðingunni

Elín Jóna Traustadóttir, verkefnastjóri, sat fundinn undir þessum lið. Hún fór yfir vinnuna sem átt hefur sér stað til þessa og stöðu nýrrar námskrár nú. Nú hefur stór hluti verið skráður inn í gagnagrunn á Namskra.is. Hún fer í samþykktarferli hjá ráðuneyti fyrir páska.

Skólanefnd fagnar þeirri stöðu námskrárvinnunnar sem raun er á.

3. Viðhorfskönnun meðal aðstandenda nemenda

Páll aðstoðarskólameistari fór yfir viðhorfskönnun sem lögð var fyrir foreldra/forráðamenn nemenda nýlega. Þátttaka var 65%. Svipuð könnun var lögð fyrir 2009 en þá var þátttaka 56%. Spurt var um ýmsa þætti skólastarfsins, um dvöl nemendanna, aðbúnað, reglur, nám og kennslu.

4. Nýtt vinnumat kennara - (ef samþykkt hefur verið)

Skólameistari tæpti á þessum hætti, en fátt eru um vinnumat að segja þar eð það var ekki samþykkt. Þó munu samningsaðilar áfram reyna að finna flöt á því að nýtt vinnumat verði innleitt.

5. Önnur mál

a. Staða umsókna vegna næsta vetrar

Skm. fór yfir hvernig staða er í umsóknum í Ml og á landinu. Útlit með umsóknir er nokkuð gott, en lítið að marka á þessu stigi.

b. Litla hryllingsbúðin

Skólameistari sagði frá árhátíðarleikriti nemenda sem nú er verið að sýna.

c. Kórin

Skólameistari fjallaði um starfsemi kórsins, en hann undirbýr nú Danmerkurferð í apríl og margvíslegur undirbúningur og fjáröflun á sér stað vegna þess arna.

d. Skólasóknarreglur og heimavistarreglur.

Aðstoðarskólameistari fór yfir þær breytingar sem orðnar eru í skráningu mætinga, um raunmætingu (raunveruleg viðvera óháð ástæðum fjarveru) og það sem framundan er sem breytingar á skólasóknarreglum. Í dag er meginreglan sú að mæting að frádregnum lögmætum forföllum þarf að vera 86% eða hærri en næsta vetur bætist við sú regla að raunmæting þarf að vera 76% eða hærri.

e. Sjálfstyrkingarnámskeið

Guðni spurðist fyrir um fyrirhugað sjálfstyrkingarnámskeið á vegum FOMEL, hvort það væri ekki í eðlilegum farvegi. Skólam. kvað svo vera og dagsetning á því er 15. apríl.

Þá greindi Guðni frá ríflegum styrk sem SamkaupStrax á Laugarvatni hefur veitt vegna þessa námskeiðs.

f. Starfamessa

Nemendur í 1. og 2. bekk sóttu Starfamessu í Fsu í gær og þótti hún vel heppnuð.

Fundi slitið kl. 14:10

Fundargerð ritaði

Páll M Skúlason